

Dalabyggð
B.t. Sveitarstjórnar
Stjórnsýsluhús Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Efni: Afgreiðsla á ósk um breytingu á aðalskipulagi vegna Storm I

Ágæta sveitarstjórn Dalabyggðar,

Við, eigendur jarðarinnar Hróðnýjarstaða í Dalabyggð og Storm Orku ehf, lýsum yfir furðu og verulegum áhyggjum yfir afgreiðslu stjórnsýslu Dalabyggðar á ósk okkar um breytingu á aðalskipulagi vegna Storm I vindlunda að Hróðnýjarstöðum. Förum við fram á að málið verði tekið fyrir aftur hið fyrsta og afgreitt í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

Það er svo að skilja að afgreiðslu málsins sé frestað þar til fyrir liggur afgreiðsla starfshóps umhverfis- og auðlindaráðuneytis um regluverk í tengslum við starfsemi og framkvæmdir vegna vindorkuvera.

Engin ástæða er til frestunar málsins vegna þessa því sú skýrsla hefur legið fyrir síðan í október á síðasta ári og kemur þar fram að **ekki sé þörf á sérloggjöf um vindorku**, sjá skýrsluna hér:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c447ebfe-d77a-11e8-942d-005056bc530c>

Hér er hlekkur á frétt mbl.is um málið:

https://www.mbl.is/frettir/taekni/2018/10/24/ekki_thorf_a_serloggjof_um_vindorku/

Þessum óvissuþætti hefur því verið eytt.

Þá er einnig minnst á óvissu varðandi hvort vindorka falli undir lög um rammaáætlun. Það er rétt að hér hefur ríkt óvissa um nokkurt skeið en erfitt er að sjá hvað sú óvissa hefur með breytingu á aðalskipulagi að gera. Í 12. gr. Skipulagslaga segir: „*Við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum skulu sveitarstjórnir taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu.*” Hvergi er minnst á rammaáætlun í þessu samhengi.

Í 32. grein skipulagslaga segir: "*Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.*"

Frestun sveitastjórnar eykur verulega á óvissu þessa verkefnis í stað þess að hjálpa til við að eyða henni. Því óskum við þess að sveitarstjórn Dalabyggðar uppfylli skyldur sínar í samræmi við skipulagslög og fjalli um tillöguna á nýjan leik, taki afstöðu til athugasemda og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Að lokum:

Það er hvorki einfalt, auðvelt, né ódýrt verk að finna, tryggja og koma með mikla fjármuni til Dalabyggðar til að reisa þar vindlund. Öll óvissa og fum í stjórnarsýslu eykur óvissu og líkur á því að það fjármagn leiti annað. Áætlað hefur verið að skatttekjur af vindlundinum að Hróðnýjarstöðum komi til með að tvöfalda framkvæmdafé Dalabyggðar til 20 til 25 ára, skapi tugi starfa, bæði beinum og óbeinum og auðvelda þannig bæjarfélaginu að vaxa og dafna til framtíðar. Vandséð er að önnur eins tækifæri til aukningar skatttekna og sköpunar starfa séu í boði fyrir sveitarfélagið. Hér er því um einstakt tækifæri að ræða til að byggja upp öflugt framtíðarsamfélag með þeirri umhverfisvænu orku sem í því býr og tæknin gerir okkur nú kleift að beisla. Við skorum því á sveitarstjórn að fylkja sér á bak við verkefnið og vinna því framgang á öllum stigum.

Það er hinsvegar alveg ljóst að vilji sveitarstjórn Dalabyggðar ekki fá slíka fjárfestingu inn í sveitarfélagið kemur hún ekki. Valdið liggur á sveitarstjórnarstiginu. Þróun verkefnis af þessari stærðargráðu fram að byggingarstigi kostar nokkur hundruð milljónir króna og nú þegar hefur tugum milljóna verið eytt í verkefnið, m.a. í ýmisskonar rannsóknir, vindmælingar o.fl. - og nú þegar eru heimamenn farnir að njóta góðs af þessu innstreymi af peningum. Hætt er við að afgreiðsla sem þessi stöðvi þetta innstreymi alveg. Fjárfestar hafa enga ástæðu til að halda áfram að leggja til fé í verkefni ef sveitarstjórn á erfitt með að breyta aðalskipulagi fyrir það. Slík afgreiðsla virðist lýsa því yfir að sveitarstjórn sé verkefninu andsnúin – og þar með er verkefnið dautt. Breyting á aðalskipulagi er engin trygging fyrir því að verkefnið verði að veruleika – en hún er grunnforsenda. Verði ekki af verkefninu er hægur vandi að breyta skilgreiningu landsins aftur í landbúnaðarsvæði sé vilji fyrir því.

Hin margumtalaða óvissa hvað varðar vindorku á Íslandi er í raun einungis af tvennum toga: Annars vegar áður nefnd óvissa um rammaáætlun og hinsvegar óvissa í kringum flutningsgetu dreifikerfis raforku. Hvort tveggja eru hlutir sem eru á valdi ríkisins. Sveitarstjórn með skýra sýn og áhuga á að veita slíkri uppbyggingu framgang innan sveitarfélags síns getur haft mikil áhrif á þessa þætti.

Segja má að upp sé komin staða samkeppnis milli sveitarfélaga þar sem Dalabyggð hefur forskotið í augnablikinu en sú staða getur breyst mjög fljótlega. Jákvæð afgreiðsla á umsókn okkar um breytingu á aðalskipulagi myndi hjálpa Dalabyggð að halda þessu forskoti. Slík afgreiðsla er engin meiriháttar stuðningsyfirlýsing við verkefnið en myndi þó gera því kleift að halda áfram að þróast á eigin forsendum án þess að leggja stein í götu þess. Jákvæð afgreiðsla heldur þannig öllum möguleikum opnum án þess að til nokkurra skuldbindinga hafi verið stofnað.

Máli okkar til frekari stuðnings bendum við á nýlega skýrslu ferðamála- iðnaðar og nýsköpunarráðherra sem lögð var fyrir Alþingi á 149. löggjafarþingi. Skýrslan fer vítt yfir sviðið og tekur á helstu álitamálum m.a. þeim sem rædd hafa verið hér að ofan. Benda má sérstaklega á kafla 4.4 um rammaáætlun, niðurstöðukaflann 5.4 og viðauka 1 um staðarval

fyrir vindorku sem tekur m.a. á samnýtingu landsvæðis til landbúnaðar og vindorku og efnahags- og samfélagslegra áhrifa á nærsamfélagið sem og fjölgun starfa.

Þar segir m.a.:

Um rammaáætlun:

“Lögin taka til landsvæða þar sem er að finna orkulindir. Slíkar orkulindir gætu, aðrar en fallvatn og jarðhiti, verið kol og mór, sbr. t.d. eldri ákvæði 1. gr. námulaga, nr. 24/1973, sem ákvæði auðlindalaga leystu af hólmi.”

“Andrúmsloftið fellur hins vegar undir þau verðmæti sem kölluð eru res communes og enginn telst eiga einkarétt á. Vindorka teldist vafalaust til slíkra verðmæta.”

“Gildissvið laga um verndar- og orkunýtingaráætlun vikur hvorki að vind- né sjávarorku samkvæmt ákvæðum laganna og vafasamt er að líta á þessa orkugjafa sem landsvæði þar sem er að finna orkulindir, þ.e. virkjunarkosti til orkuvinnslu á sama hátt og fallvatn og/eða jarðhitakerfi á afmörkuðu svæði, sem lögin taka ótvírætt til.”

“Rammaáætlun tæki þá einungis til landsvæða þar sem er að finna fallvatn og/eða jarðhitakerfi á afmörkuðu svæði en ekki vindorkuvera.” (bls. 10) (feitiletrun undirritaðra)

Í niðurstöðukafla:

*“Vindorka er mjög áhugaverð til rafmagnsframleiðslu. Reynslurekstur tveggja véla á Hafinu ofan við Búrfell sýnir að gangtími (nýtni) þeirra er hærri en gert var ráð fyrir og í raun með því allra besta á heimsvísu. Með örri tækniþróun hefur kostnaður við framleiðslu á hverja orkueiningu farið lækkandi og stefnir í að geta keppt við vatnsorku og jarðhitaorku í verði. **Vindorkan hefur þá kosti að vera fyllilega sjálfbær og áhrif á umhverfi eru afturkræf.** Umhverfisáhrifin eru fyrst og fremst sjónræn, þótt fleira komi til, sem unnt er að lágmarka, t.d. með staðarvali og landslagsmótun. **Vindorkan er einnig tákn nýrra tíma þar sem sjálfbærni og umhverfisvæn tækni er í hávegum höfð.** Vindorka hentar sérlega vel í samrekstri með vatnsorku sem byggist á því að hámarks framleiðslugeta vatnsorku er að sumri en vindorkan er í hámarki að vetri til. Framleiðslu vindorku má einnig líta á sem grunnkeyrslu þar sem vatnsorkan kemur inn í eftirspurnartoppa og þegar vind hægir. **Samlegðin er í alla staði mjög jákvæð og má segja að samkeyrslan hámarki nýtingu hinna hefðbundnu auðlinda.**” (bls. 17) (feitiletrun undirritaðra)*

Um samnýtingu lands með landbúnaði:

“Ekkert útilokar aðra nýtingu framkvæmdasvæðisins, t.d. til beitar eða annars landbúnaðar.” (bls. 43) (feitiletrun undirritaðra)

Um efnahags- og samfélagslegáhrif og fjölgun starfa:

“Erlendis hafa efnahags- og samfélagslegáhrif vindorku verið metin. Niðustaða frá Bretlandi sýnir að um 70% heildarfjárfestingar hélst innan lands. Mikil fjárfesting hélst einnig innan þess landshluta þar sem vindmyllan er staðsett og meira en fjórðungur fjárfestingarinnar hélst innan nærsamfélagsins.

Í sömu rannsókn var einnig skoðað hversu mörg störf fylgja uppbyggingu vindmyllugarða í Bretlandi og hvenær þessi störf urðu til. **Flest störf urðu til á byggingartíma eða 2,5 störf á hvert MW af uppsettu afli, en á rekstartímanum urðu til um 0,43 störf/MW.**” (bls. 45)
(feitletrun undirritaðra)

Til að setja þetta í samhengi þá þýðir þetta að vindorkugarður að Hróðnýjarstöðum ætti að skapa um 325 störf á byggingartímanum og um 56 störf á rekstartímanum, eftir að byggingu er lokið.

Skýrsluna má finna í heild sinni hér:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/0353.pdf>

Hróðnýjarstöðum, 21. ágúst 2019



Magnús Björgvin Jóhannesson



Sigurður Eyberg Jóhannesson